

Umhverfisstofnun
Áb. <i>SF</i>
08 AUG. 2003
<i>54.3</i>
Tilv. <i>UST20030700193</i>



Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

6. ágúst 2003
Tilvísun: UST20030700193/sf

Múlavirkjun í Eyja- og Miklaholtshreppi. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 18. júlí sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdalýsing

Fyrirhugað er að virkja Straumfjarðará um 100 m neðan við ós Baulárvallavatns með miðlunarstíflu, sem mun hækka vatnsborðið um 1 metra. Frá miðlunarstíflu og að stöðvarhúsi, um 1500 metrum neðar, verður lögð pípa um 1,2 metrar í þvermál. Að framkvæmdum loknum mun rennsli árinna verða um 30-40% af núverandi rennsli. Að stíflu við Baulárvallavatn er gert ráð fyrir að ekið verði mól í gamlan vegslóða sem fyrir er. Að stöðvarhúsi verður lagður vegur frá Vatnaheiðarvegi og bílastæði gert á uppgrónum mel austanvert við ána. Áætlað efnismagn í vegslóða og með niðurgrafinni pípu er 3.500 m³ og verður efnið tekið úr opnum námum við Eiðhús. Lagður verður 300 m langur jarðstrengur að háspennulínu. Áætluð orkugeta virkjunarinnar er 1,9 MW.

Verndarsvæði

Baulárvallavatn er á náttúruminjaskrá, sbr. svæði nr. 227 (Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn). Við það er almennt miðað þegar vötn eru sett á náttúruminjaskrá að um sé að ræða vatnið sjálft ásamt 100 m breiðu belti ofan eðlilegra flóðmarka. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er því að hluta til á náttúruminjaskrá. Í skránni er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn, Stykkishólmi (áður Helgafellssveit). (1) Berserkjahraun allt og Hraunsfjörður innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og söguminjum, Berserkjagötu og Berserkjadys. Lifauðugar fjörur, veiðivötn. Kjörið útivistarsvæði.

Samkvæmt 37. gr. laga skulu stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Baulárvallavatn skal því

njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Fugalíf

Í umfjöllun um áhrif á fuglalíf í tilkynningu framkvæmdaraðila er texti sem að miklu leyti er tekinn úr skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar og fuglalíf á Vatnaheiðarleið, sem unnin var árið 1998 vegna mats á umhverfisáhrifum vegar nr. 56 yfir Vatnaheiði. Í skýrslunni er fjallað sérstaklega um fugla á Baulárvallavatni og Straumfjarðará. Þar kemur m.a. fram að himbrimar, stokkendur, hávellur og toppendur hafa sést þar á varptíma og gætu orpið þar. Einnig hafa kriur sennilega orpið við vatnið sumarið 1996. Endur og hugsanlega álftrir verpa meðfram Straumfjarðará. Um áhrif vegar yfir Vatnaheiði á fuglalíf segir m.a. í skýrslunni:

„Vegurinn mun færa Baulárvallavatn í þjóðbraut og þar mun umferð fólks án efa aukast talsvert í kjölfarið. Fuglalíf við vatnið er fábrotið og því mun vegur um þessar slóðir litlu breyta að því leyti. Öðru máli gegnir um straumandarvarpið við útfall Straumfjarðará; þar er mesta straumandarþéttbýli á Snæfellsnesi og e.t.v. hið mesta á Vesturlandi. Líklega er að vaxandi umferð gæti valdið truflun í þessu straumandarvarpi en þangað er nú fáfarið.”

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að gera ráð fyrir að áhrif virkjunar í Straumfjarðará verði þau sömu og áhrif vegar yfir Vatnaheiði og eins gert er í tilkynningu framkvæmdaraðila. Þar er lýsing á áhrifum fuglalífs sú sama og í framangreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem gerð var vegna vegar yfir Vatnaheiði. Við Straumfjarðará er mesta straumandarþéttbýli á Snæfellsnesi og e.t.v. hið mesta á Vesturlandi. Vegur yfir Vatnaheiði hafði ekki í för með sér bein áhrif á straumandarvarpið en fyrirhuguð virkjun mun hins vegar raska búsvæði straumandarinnar þar sem endurnar hafast einungis við allra efst á ánni, á um 500-1000 m kafla neðan við útfallið.

Umhverfisstofnun bendir á að straumönd er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tegund í nokkurri hættu. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða straumönd í Evrópu og vernda búsvæði hennar sérstaklega.

Umhverfisstofnun telur að í gögnum framkvæmdaraðila sé of lítið gert úr hugsanlegum áhrifum virkjunar á fuglalíf. Stofnunin telur að tímasetning framkvæmda við Straumfjarðará komi ekki í veg fyrir rask á straumandarvarpi við ána en í tilkynningu framkvæmdaraðila segir að tímasetning framkvæmda við Straumfjarðará verði þannig að varpi verði ekki raskað. Stofnunin bendir á að með virkjuninni verður búsvæði straumandar raskað varanlega þar sem uppistöðulón myndast við framkvæmdina og vatnsmagn í ánni minnkar á um 1500 m kafla neðan við stíflu. Að framkvæmdum loknum mun rennsli árinna verða um 30-40% af núverandi rennsli. Straumöndin verpur eingöngu við straumharðar ár og læki.

Umhverfisstofnun bendir enn fremur á að ekki er ljóst hvaða áhrif 1 m vatnsborðshækkun í Baulárvallavatni mun hafa á búsvæði fugla við strendur vatnsins.

Umhverfisstofnun telur að út frá fyrirliggjandi upplýsingum verði að telja líklegt að fyrirhuguð virkjun í Straumfjarðará geti haft í för með umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Lífriki vatna

Samkvæmt upplýsingum frá Veiðimálastofnun vegna mats á umhverfisáhrifum vegar yfir Vatnaheiði finnast urriði og hornsíli í Baulárvallavatni. Stangveiði á urriða er nokkuð stunduð í vatninu. Strandlengja Baulárvallavatns að sunnanverðu er grýtt, en grunnsævið er

tiltölulega lítið að flatarmáli þar sem vatnið dýpkar mjög fljótt. Straumfjarðará sem fellur úr Baulárvallavatni er frjósöm laxveiðiá. Áin er um 15 km að lengd og er hún fiskgeng um 11 km, upp að fossinum Rjúkanda sem er skammt ofan ármóta Köldukvíslar. Á ófiskgenga hluta árinna er nokkuð um urriða.

Fyrirhugaðar framkvæmdir gætu haft áhrif á lífríki í Baulárvallavatni og Straumfjarðará. Við framkvæmdina mun Baulárvallavatn stækka um 0,00643 km² en vatnið er nú 1,6 km² að stærð. Vatnið mun stækka í átt að stíflustæðinu. Í tilkynningunni segir að þetta hafi þau áhrif að vatnsborðshækkun verði ekki umfram hæstu náttúrulegu vatnsstöðu vatnsins og þess vegna verði ekki hætta á rofi í bökkum eða sandfoki.

Með tilkynningu framkvæmdaraðila fylgir umsögn Veiðimálastofnunar um hugsanleg áhrif virkjunar í Straumfjarðará á lífríki árinna. Í henni segir m.a.:

„Miðað við stærð fyrirhugaðs miðlunarrýms er ekki gert ráð fyrir að mjög miklar rennslisbreytingar geti átt sér stað í Straumfjarðará og því er ekki talið að miðlunin muni hafa umtalsverð áhrif á framleiðslu botndýra og laxaseiða. Ekki er talið líklegt að veiðiskilyrði fyrir lax ættu að breytast yfir sumartímann en þó er líklegt að miðlun yrði eitthvað notuð í þurrkatið sem gæti komið laxveiði til góða.“

Með hliðsjón af framangreindri umsögn Veiðimálastofnunar virðist ekki líklegt að fyrirhuguð virkjun hafi í för með sér umtalsverð áhrif á laxveiði í Straumfjarðará. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í umsögn Veiðimálastofnunar hvort framkvæmdin geti haft í för með sér áhrif á staðbundinn stofn urriða í Baulárvallavatni.

Áhrif á gróður

Í tilkynningu framkvæmdaraðila koma ekki fram upplýsingar um gróður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í tilkynningunni segir m.a. að gróðuráhrif verði nokkur á framkvæmdatíma, sérstaklega meðan lagning aðrennslispipu stendur yfir. Þar segir einnig: *„Gengið er út frá að núverandi útlit og ástand gróðurs á svæðinu endurheimtist á fáum árum með sértækum aðgerðum eins og frá er greint í köflum hér að framan. Mun gróður fremur verða meiri en nú er að fáum árum liðnum.“*

Samkvæmt gróður- og jarðarkorti sem gefið var út árið 1988 af Rannsóknastofnun landbúnaðarins er áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar vel gróið. Gróðurþekja á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Straumfjarðará er graslendi (sef- og starmóar) og mosapemba sem eru gróin meira en að 2/3. Við Baulárvallavatn er að mestu um að ræða graslendi og kvistlendi sem eru gróin meira en að 2/3 en við vatnið eru einnig votlendissvæði. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Ekki liggja fyrir upplýsingar um tegundafjölbreytni eða hvort einhverjar sjaldgæfar tegundir er að finna á áhrifasvæði virkjunarinnar.

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki að fullu ljóst út frá fyrirbyggjandi upplýsingum hver hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar eru á gróður.

Útivist

Umhverfisstofnun bendir á að landssvæðið sem vegur um Vatnaheiði liggur um hefur mikið útivistargildi, ekki síst það svæði sem er á náttúruminjaskrá. Í umsögnum sínum um mat á umhverfisáhrifum vegar yfir Vatnaheiði benti Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) á það að fyrirhugaður vegur myndi rýra gildi svæðisins og jafnramt skerða framtíðarmöguleika til uppbyggingar sjálfbærrar ferðaþjónustu. Í matsskýrslu vegna frekara mats á umhverfisáhrifum vegar yfir Vatnaheiði sagði m.a. að vegur um Vatnaheiði myndi


auðvelda aðgang að svæðinu og opna það frekar fyrir útivist.


Fyrirhuguð virkjun við Baulárvallavatn mun raska því svæði sem tilvalið er til útivistar enn frekar og þar með rýra gildi þess enn meir. Umhverfisstofnun telur spurningu hvort virkjun við vatnið geti samræmst útivist á svæðinu.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð virkjun í Straumfjarðará sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á fuglalíf við Straumfjarðará, sérstaklega m.t.t. til straumandar. Auk þess er óvíst með áhrif á fuglalíf við Baulárvallavatn. Stofnunin telur enn fremur að ekki sé ljóst hver séu hugsanleg áhrif virkjunarinnar á staðbundinn urriða í Baulárvallavatni og á gróður á áhrifasvæði virkjunarinnar.

Virðingarfyllst,


Sigurros Friðriksdóttir


Gunnar S. Jónsson
staðgengill forstöðumanns